

Skilmálar um þjónustu Kuratech

Kuratech ehf., kt. 490124-1010 („**Kuratech**“), er eigandi að veflausn sem inniheldur upplýsingar, virkni og stjórnþæki við skipti á þrotabúum og gerir notendum kleift að hafa yfirsýn yfir fjárhagsstöðu búsins, sjálfvirknivæða aðgerðir, greina ráðstafanir í aðdraganda gjaldþrots o.fl.

Skilmálar þessir eiga við um aðgang og notkun á veflausn Kuratech. Með því að nota veflausn Kuratech samþykkir þú að hlíta öllum skilmálum Kuratech eins og þeir eru á hverjum tíma.

1. Samþykki notkunarskilmála Kuratech

- 1.1. Orðin „þú“ og „notandi“ í öllum beygingarmyndum í þessum skilmálum vísa til áskrifanda eða notanda sem áskrifandi hefur stofnað og veitt notendaaðgang að Kuratech.
- 1.2. Með því að nota upplýsingar, verkfæri og virkni á vefnum kuratech.is (saman nefnt „**þjónustan**“), samþykkir þú að hlíta þessum skilmálum.
- 1.3. Ef þú óskar eftir því að gerast notandi, eiga samskipti við aðra notendur og nýta þér þjónustuna, þá verður þú að lesa þessa skilmála. Til notkunar telst m.a. skoðun, upplýsingaöflun og/eða nýting þeirrar þjónustu sem í boði er á vefsvæði Kuratech á hverjum tíma. Öll notkun vefsins takmarkast við þær aðgerðir sem eðlilegar og löglegar geta talist og þær upplýsingar og þá þjónustu sem boðið er upp á á hverjum tíma.
- 1.4. Þjónusta Kuratech er m.a. fólgin í miðlun og úrvinnslu upplýsinga fyrir lögmenn í skiptastarfsemi sem hafa verið skipaðir skiptastjórar í þrotabúi með úrskurði héraðsdóms. Notandi samþykkir að nota þjónustu Kuratech einungis í þeim tilgangi.
- 1.5. Áskrifanda er skylt að greina þeim starfsmönnum sínum, eða öðrum, sem hann veitir aðgang að þjónustu Kuratech, frá efni skilmála þessa. Áskrifandi ábyrgist að viðkomandi notandi hafi samþykkt skilmála þessa.

2. Verðskrá

- 2.1. Áskrifandi skal greiða fyrir notkun á vörum og þjónustu Kuratech samkvæmt verðskrá hverju sinni nema annað sé tekið fram. Áskrifanda ber að greiða fyrir alla notkun fyrir notendur sem eru skráðir eru á grundvelli aðgangs áskrifanda. Kuratech gefur út reikning eftir notkun og skal viðskiptavinur greiða hvern slíkan reikning innan 15 daga frá útgáfudegi reiknings.
- 2.2. Kuratech kann að sækja tiltekna upplýsingar og gögn frá þriðja aðila sem sér um að miðla upplýsinga úr hinum ýmsum skráum, svo sem frá Creditinfo eða Keldunni. Við slíkar aðstæður kann sá þriðji aðili að senda áskrifanda reikning fyrir miðlun slíkra upplýsinga eða gagna. Ber áskrifanda við slíkar aðstæður að greiða beint og milliliðalaust til þess þriðja aðila.

3. Aðgangur að þjónustunni og aðgangsupplýsingar þínar

- 3.1. Þú skilur og samþykkir að þú sért ábyrg(ur) fyrir því að tryggja leynd lykilorðsins þíns sem gerir þér kleift, ásamt notendanafni þínu (netfangi), að fá aðgang að þjónustunni. Með því að láta Kuratech í té netfang þitt, samþykkir þú að Kuratech megi, þegar nauðsyn krefur, senda þér tilkynningar á netfang þitt í tengslum við aðgang þinn að þjónustunni. Notendanafn þitt,



kuratech

lykilorð og aðrar samskiptaupplýsingar sem þú kannt að láta Kuratech í té (t.d. farsímanúmer fyrir SMS tilkynningar) teljast til „aðgangsupplýsinga“ þinna.

- 3.2. Ef þú verður á einhvern hátt var/vör við að óviðkomandi aðili hafi komist yfir aðgangsupplýsingar þínar, samþykkir þú að láta Kuratech strax vita með því að senda tölvupóst á netfangið kuratech@kuratech.is.
- 3.3. Réttur þinn til að fá aðgang að og nota þjónustuna er bundinn við þig og þér er ekki heimilt að flytja þann rétt til annars einstaklings eða lögaðila. Áskrifanda er þó heimilt að veita öðrum notendum aðgang, enda starfi þeir í umboði skiptastjóra og þurfa í lögmætum tilgangi að hafa aðgang að upplýsingum um viðkomandi þrotabúi. Notendum er einungis heimilt að fá aðgang að og nota þjónustuna í löglegum tilgangi, þ.e. við skipti á þrotabúi.
- 3.4. Aðgangur þinn að vefþjónustu Kuratech gæti rofnað af ýmsum ástæðum, t.d. vélbúnaðarbilunum, tæknilegum bilunum, hugbúnaðarvillum eða kerfisuppfærslum.
- 3.5. Upplýsingar í skrá Kuratech eru eign Kuratech. Réttur til notkunar upplýsinga sem fengnar eru hjá Kuratech takmarkast af ákvæðum skilmála þessa, lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Réttur áskrifanda til notkunar upplýsinga Kuratech fellur niður um leið og aðgangi áskrifanda hefur verið lokað.

4. Hlutleysi Kuratech gagnvart upplýsingum þrotabús

- 4.1. Þjónustan kann að bjóða upp á að notendur geti gefið leyfi sitt fyrir því að Kuratech sækir fyrir þeirra hönd upplýsingar þrotabús, t.d. fjárhagsupplýsingar (færslur á bankareikningum og greiðslukortum) sem eru í vörslu þriðja aðila og þeir eru í viðskiptasambandi við. Kuratech hefur gert samninga við ýmsa aðila um að sækja slíkar upplýsingar með samþykki skiptastjóra. Kuratech er hlutlaus aðili og tekur ekki á nokkurn hátt afstöðu til slíkra upplýsinga. Hlutleysi Kuratech felur í sér, en er ekki takmarkað við, að Kuratech tekur ekki á nokkurn hátt afstöðu til hvort færslur eða aðrar upplýsingar séu réttar, löglegar eða siðlegar. Kuratech ber enga ábyrgð á upplýsingum, vörum og þjónustu á vefsvæðum þriðja aðila.
- 4.2. Kuratech getur ekki alltaf séð fyrir tæknileg eða annars konar vandamál sem kunna að valda því að ekki sé hægt að sækja upplýsingar, að gögn glatist eða þjónusturof verði á annan hátt. Kuratech reynir að tryggja áreiðanleika eftir fremsta megni en ber ekki ábyrgð á því að samskipti, stillingar eða gögn birtist rétt, eyðist, vistist eða skili sér til notenda vefsvæðis Kuratech. Kuratech ábyrgist heldur ekki að nýjustu gögn séu ávallt sýnileg eða aðgengileg á vefsvæði Kuratech heldur endurspegla þau aðeins hvenær Kuratech sótti síðast gögn til annarra aðila.

5. Notkun upplýsinga

- 5.1. Öll notkun er skráð og getur Kuratech verið skylt að afhenda bæði einstaklingum og lögaðilum upplýsingar um það hvaða notandi hefur flett honum upp í skrá Kuratech eða þriðja aðila, hvenær uppfletting var framkvæmd, auk ástæðu uppflettingar. Kuratech er heimilt að framkvæma eftirlit með lögmætri notkun og loka fyrir aðgang verði áskrifandi uppvís að misnotkun.



kuratech

- 5.2. Notandi ábyrgist að öll meðhöndlun upplýsinga sé í samræmi við lög, reglur og tilmæli Persónuverndar og að meginreglur laga um persónuvernd séu hafðar í huga í hvívetna, þ.m.t. varðandi alla vinnslu.
- 5.3. Notandi skal grípa til allra þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja að upplýsingar berist ekki þriðja aðila og gæta þess að eyða upplýsingum þegar varðveisla þeirra telst ekki lengur nauðsynleg. Notanda er skylt að geyma allar upplýsingar úr skrám Kuratech á öruggum stað og er bundinn þagnarskyldu um innihald. Hvers kyns áframsala, áframmiðlun eða opinber birting upplýsinga úr skrám Kuratech er óheimil án skriflegs samþykkis Kuratech.

6. Tilkynningar með tölvupósti og textaskilaboðum í farsímanúmer

- 6.1. Af og til kann Kuratech að senda þér nauðsynlegar tilkynningar með rafrænum hætti vegna skráningar og aðgangs þíns eða notkunar á þjónustunni (t.d. þegar aðgangsupplýsingum er breytt) eða aðrar valkvæðar tilkynningar í tengslum við notkun þína á þjónustunni. Þegar aðgangur þinn að þjónustunni er stofnaður í fyrsta sinn kann að vera að þú verðir skráður fyrir sumum valkvæðum tilkynningum. Þú getur síðan hvenær sem er breytt, afskráð eða skráð þig fyrir öllum valkvæðum tilkynningum. Af og til kann Kuratech að bæta við nýjum tegundum tilkynninga eða fjarlægja tiltekna tegundir tilkynninga.
- 6.2. Rafrænar tilkynningar frá Kuratech verða sendar á netfangið sem þú hefur gefið upp sem aðalnetfang þitt fyrir kuratech.is. Þér kann líka að vera boðið að fá tiltekna tilkynningar sendar sem textaskilaboð á farsímanúmerið þitt.
- 6.3. Þar sem tilkynningar eru ekki dulkóðaðar munu þær aldrei innihalda lykilorðið þitt. Hins vegar geta tilkynningar innihaldið netfangið þitt (þegar þér er sendur tölvupóstur) og farsímanúmer (þegar þér eru send textaskilaboð í farsímanúmer). Eðli fjárhagsupplýsinga í tilkynningum til þín fer eftir því hvaða tilkynningar þú velur og hvernig þær eru stilltar. Allir sem hafa aðgang að tölvupóstinum þínum munu geta séð innihald þessara tilkynninga. Þú getur hvenær sem er valið að skrá úr öllum valkvæðum tilkynningum.
- 6.4. Þú skilur og samþykkir að öllum tilkynningum, sem þér eru sendar með notkun þjónustunnar, gæti seinkað eða ekki borist þér af ýmsum ástæðum. Kuratech reynir eftir fremsta megni að tryggja að tilkynningar berist þér fljótt og örugglega en ábyrgist á engan hátt að tilkynningar berist þér eða að tilkynningar innihaldi ávallt nýjustu eða réttar upplýsingar. Þú samþykkir að Kuratech ber enga skaðabótaskyldu vegna tilkynninga sem berast seint eða alls ekki eða vegna villna í efni tilkynninga enda séu mistökin ekki gerð viljandi.

7. Réttindi sem þú veitir Kuratech

- 7.1. Með því að skrá þig fyrir þjónustunni og óska eftir fjárhagsupplýsingum protabús í gegnum hugbúnað Kuratech samþykkir þú að fjármálastofnanir, sem protabúið er í viðskiptum við, veiti Kuratech rafrænan lesaðgang að upplýsingum um alla bankareikninga og greiðslukort í nafni protabúsins sem og að öllum færslum á þessum reikningum og greiðslukortum.
- 7.2. Eingöngu er um lesaðgang að ræða. Kuratech hefur hvorki leyfi til, né möguleika á, að millifæra eða framkvæma nokkrar fjárhagslegar aðgerðir.



kuratech

- 7.3. Kuratech mun ekki undir nokkrum kringumstæðum afhenda, selja eða leigja upplýsingar sem aflað er samkvæmt þessu leyfi til þriðja aðila. Kuratech er þó heimilt að taka saman tölfraðilegar samantektir og aðrar afleiddar ópersónugreinanlegar samantektir án sérstaks samþykkis frá þér og nota í viðskiptalegum tilgangi eða miðla til þriðja aðila enda séu þær aldrei á persónugreinanlegu formi. Leyfið er veitt Kuratech án nokkurra skuldbindinga af hálfu Kuratech til að greiða fyrir það og án nokkurra annarra takmarkana sem ekki er getið í þessum skilmálum.
- 7.4. Með því að nota þjónustuna veitir þú samþykki þitt fyrir því að Kuratech sækir, fyrir þína hönd, fjárhagsupplýsingar þrotabúsins. Þú skilur og samþykkir að þegar Kuratech sækir upplýsingarnar er Kuratech að sækja þær í þínu umboði en ekki í umboði fjármálastofnunarinnar þar sem þær eru geymdar.

8. Aðgangstakmarkanir

- 8.1. Þú samþykkir hér með að þú notar ekki neins konar sjálfvirkan hugbúnað, forrit eða annars konar sjálfvirkar aðferðir til að fá aðgang, afrita eða fylgjast með nokkrum hluta af vefsvæði Kuratech nema með skriflegu leyfi Kuratech.
- 8.2. Þú samþykkir einnig að þú munt ekki nota neins konar forrit, hugbúnað eða annars konar aðferðir til að heimsækja, nota eða leita að gögnum á vefsvæði kuratech.is nema með almennum vöfrum (t.d. Firefox eða Microsoft Edge) og almennum leitarvélum (t.d. Google eða Bing).
- 8.3. Þú samþykkir einnig að þú munt ekki senda skrár eða gögn á vefsvæði Kuratech sem gætu flokkast sem tölvuvírus, tölvuormur eða trjúhestur eða innihalda einhvers konar skaðlega eiginleika eða sem gætu á einhvern hátt truflað eðlilega virkni kuratech.is eða þjónustunnar.
- 8.4. Þú samþykkir ennfreður að þú munt ekki reyna á nokkurn hátt að sækja, birta eða greina (e. reverse engineer) á annan hátt undirliggjandi forritskóða (e. source code) út frá þeim hugbúnaði sem er notaður á vefsvæði Kuratech.

9. Lokun aðgangs og gildistími þessa skilmála

- 9.1. Þessir skilmálar gilda á meðan þú notar hugbúnað Kuratech og þangað til aðgangi þínum að vefsvæði Kuratech er lokað. Þú getur lokað aðgangi þínum á vefsvæði Kuratech. Þegar þú lokar aðgangi þínum eyðir Kuratech öllum þínum gögnum og upplýsingum.
- 9.2. Kuratech er hvenær sem er, og án fyrirvara, einhliða heimilt að loka aðgangi þínum að Kuratech með því að senda þér tilkynningu á netfangið sem þú gafst upp við skráningu. Til dæmis ef þú verður uppvís að misnotkun eða hefur brotið í bága við eitthvert ákvæði þessara skilmála eða ef þú hefur hegðað þér á þann hátt að augljóst sé að þú ætlir ekki eða getir ekki uppfyllt ákvæði þessa skilmála.

10. Ábyrgð áskrifanda

- 10.1. Áskrifandi þjónustunnar ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á allri notkun á þjónustu Kuratech sem fer fram í gegnum reikning hans, þ.m.t. notkun þeirra notenda sem áskrifandi bætir við eða heimilar aðgang að reikningi sínum. Þetta felur í sér að áskrifandi ber ábyrgð á öllum



kuratech

athöfnum notenda, hvort sem þær eru heimilaðar af áskrifanda eða ekki, þar á meðal brot á skilmálum þessum.

- 10.2. Áskrifandi ber ábyrgð á að stýra aðgangi notenda að reikningi sínum og er skuldbundinn til að tryggja að allir notendur sem hann veitir aðgang fylgi skilmálum þessum. Áskrifandi ber ábyrgð á því að fjarlægja aðgang notenda ef þess er þörf, til að tryggja að notendur brjóti ekki gegn skilmálunum.

11. Þjónusta Kuratech er ekki formleg fjármála- eða lögfræðiráðgjöf

- 11.1. Notandi gerir sér grein fyrir því að vefur Kuratech er eingöngu upplýsinga- og greiningarþjónusta í þeim skilningi að notendur vefsins geta ekki framkvæmt millifærslur, greiðslur eða aðrar fjárhagslegar aðgerðir. Þjónustan er einvörðungu ætluð til upplýsinga til þess að aðstoða skiptastjóra við gjaldprotaskipti í almennum skilningi og felur hvorki í sér fjármála né lögfræðilega ráðgjöf eða aðra formlega ráðgjöf sem felur í sér lagalegt samband ráðgjafa og þiggjanda ráðgjafar.

12. Takmörkun ábyrgðar

- 12.1. Kuratech ber ekki ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tölvubúnaði og/eða hugbúnaði Kuratech eða notanda eða af öðrum orsökum, sem kunna að valda því að upplýsingar séu ekki réttar eða að notandi nái ekki að tengjast þjónustunni.
- 12.2. Kuratech ber ekki ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við veraldarvefinn, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við vefsvæði Kuratech, vafra eða stýrikerfi notanda eða tölvukerfi Kuratech, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að aðgerðir á vefsvæði Kuratech geta ekki farið fram eða verða með öðrum hætti en til var ætlast s.s. vegna tæknibilana, villna í gögnum eða truflana í rekstri tölvukerfa.
- 12.3. Kuratech ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda. Kuratech ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til rangra aðgerða notanda eða annars aðila.
- 12.4. Kuratech ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.p.h. Ennfremur ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (force majeure).

13. Persónuvernd

- 13.1. Öryggis- og persónuverndarstefna Kuratech, sem telst hluti af þessum skilmálum, inniheldur ítarlegar upplýsingar um öryggismál og meðferð Kuratech á persónuupplýsingum þínum. Kuratech áskilur sér rétt til að uppfæra Öryggis- og persónuverndarstefnuna og er ávallt sú útgáfa í gildi sem er aðgengileg á hverjum tíma á vefsvæði Kuratech.

14. Hugverkaréttindi Kuratech

- 14.1. Allt innihald vefsvæðis Kuratech, þar með talið útlitshönnun (t.d. texti, grafík, myndir, vörumerki), ljósmyndir, hugbúnaður, ritstýrt efni, tilkynningar og annað efni er varið samkvæmt



kuratech

höfundarréttar- og vörumerkjalögum á Íslandi og annars staðar. Vefsvæði Kuratech er eign Kuratech eða notað samkvæmt leyfi frá hugbúnaðar-, gagna- eða efnisveitum sem Kuratech á í viðskiptasambandi við. Kuratech veitir þér leyfi til að skoða og nota vefsvæði Kuratech samkvæmt þessum skilmálum. Þú mátt eingöngu sækja eða prenta afrit af upplýsingum og efni á vefsvæðinu til að sinna gjaldprotaskiptum. Öll dreifing, endurútgáfa eða rafræn afritun af innihaldi kuratech.is, hvort heldur sem er að hluta eða heild, í einhverjum öðrum tilgangi er þér með öllu óheimil nema með skriflegu samþykki Kuratech.

15. Breytingar á skilmálum

15.1. Kuratech kann að breyta þessum skilmálum.

15.2. Komi til breytinga verða allar breytingar við þessa skilmála aðgengilegar á vefsvæði kuratech.is og verða jafnframt tilkynntar þér í tölvupósti eða á áberandi hátt á vefsvæði Kuratech. Ef þú kýst að samþykkja ekki breytta skilmála er þér óheimilt að nota þjónustu Kuratech. Undir slíkum kringumstæðum ber þér að loka aðgangi þínum eða óska þess með skriflegum hætti á kuratech@kuratech.is.

15.3. Kuratech áskilur sér rétt til að breyta samningsskilmálum þessum einhliða eða vera óbundið af einstökum ákvæðum skilmála þessa, ef lögum er breytt á þann veg, að efndir séu ómögulegar af hálfu Kuratech. Sama gildir ef aðrar opinberar reglur standa efndum í vegi.

16. Varnarþing, ágreiningur aðila og almenn ákvæði

16.1. Skilmálar þessir lúta íslenskum lögum.

16.2. Ef eitthvert ákvæði skilmála þessara verður dæmt ógilt, ólöglegt eða óhæft til fullnustu, dregur það ekki á neinn hátt úr gildi, lögmæti eða fullnustuhæfi annarra ákvæða skilmálanna. Þú samþykkir að ef Kuratech nýtir sér ekki einhvern rétt sinn sem hlýst af þessum skilmálum að þá skal ekki túlka það sem afsal þess réttar.

16.3. Rísi mál út af skilmálum þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Síðast uppfært: 15. október 2025.